

2. stjórnarfundur í stjórnartíð Vesturlands og Vestfjarða í Skógfræðingafélaginu.

Haldinn á skrifstofu Vesturlandsskóga 21. janúar 2013.

1. Fundargerð síðasta fundar var á sínum tíma send frá ritara til annarra stjórnarmanna og að fengnum athugasemdum þeirra samþykkt og send Bjarna Diðrik, sem setti hana inná vefsíðu félagsins.
2. Félagatal: Sent hefur verið út til nemenda í skógfræðum við LBHÍ kynning á félaginu og boð um aukaaðild. Gildir það um alla núverandi nemendur frá 1. árs nemum og til þeirra, sem eru í framhaldsnámi. Formaður mun senda ítrekun á þessu erindi ásamt kynningu á fagraðstefnunni á Hallormsstað og á félaginu sem slíku. Gjaldkera vantar lista yfir þann hóp, sem síðast var afgreiddur af námsmatsnefnd, þ.m.t. Valdimar Reynisson. Þorbergur Hjalti Jónsson mun senda okkur stjórnarmönnum öllum lista yfir þennan hóp og í framhaldi af því mun gjaldkeri senda út rúkkun félagsgjalda fyrir árið 2012, kr. 3.400 sbr. samþykkt síðasta aðalfundar um óbreytt árgjald.
3. Tillaga stjórnar um breytingar á lögum félagsins: 1. grein verði þannig: Nafn félagsins er Skógfræðingafélag Íslands. Heimili þess og varnarþing er á Selfossi. Við 4. grein laganna inní síðustu málsgrein bætist við setningin: Ennfremur er stjórn félagsins heimilt að bjóða skógfræðingum á eftirlaunaaldri heiðursaðild að félaginu. 6. grein: Í fyrstu málsgrein verði önnur setningin svohljóðandi: Formaður setur fund og stýrir kosningu fundarstjóra og fundarritara. 12. grein breytist og hljóði þannig: Í stað „kjörtímabil nefndarinnar er tvö ár“ komi: „kjörtímabil hvers nefndarmanns er þrjú ár“. „Úr nefndinni skal einn maður ganga á hverju ári, þ.e. sá sem hefur lengstan starfsaldur. Ef starfsaldur er jafn skal varpað hlutkesti“.
4. Aðalfundur Skógfræðingafélagsins 2013 verður haldinn á Hallormsstað að kvöldi 12. mars 2013. Rætt var sérstaklega um „áætlun næsta árs“. Stjórnin leggur til, að skógtækninámið á Reykjum verði kynnt rækilega og jafnframt farið í sameiginlega kynningarherferð um ágæti skógræktar sem slíkrar. Endurmenntun er einnig mál, sem þarf nauðsynlega að sinna á næsta starfsári. Jafnframt kosningu í námsmatsnefnd verði kjörin endurmenntunarnefnd. Hugmyndir hafa komið fram um að halda málþing í samstarfi Skógfræðingafélagsins og Norðurlandsskóga um, hvernig hægt sé að fyrirbyggja eða lágmarka skógarelda með ræktunartæknilegum aðferðum.

Fleira var ekki rætt á þessum öðrum fundi núverandi stjórnar Skógfræðingafélagsins.